

**Ræða Jóns Kristjánssonar, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra
á ársfundi Landspítala – háskólasjúkrahúss
Salnum í Kópavogi, 29. apríl 2005**

Ágætu ársfundargestir.

Um þessar mundir eru fimm ár frá því sameining sérgreina á Landspítala – háskólasjúkrahúss hófst eftir að formleg ákvörðun um sameiningu tveggja spítala var tekin. Enginn gerði ráð fyrir að það tækist átakalaust og allir vissu að sameiningu fylgdu bæði erfiðleikar og umstang. Ég vil þakka starfsmönnum óeigingjarnt starf við aðstæður sem hafa stundum verið erfiðar um leið og ég óska okkur öllum til hamingju með þann árangur sem náðst hefur á fimm árum.

Spítalastarfsemi á sér upphaf, en mér er nær að halda að hún eigi sér ekki endi. Spítali er eðli málsins samkvæmt síbreytilegur, starfsemina verða menn að laga að nýjum aðstæðum, nýrri þekkingu og annars konar sjúkdómum – nýrri tækni.

Það er hins vegar mikilvægt að menn setji sér almenn markmið og víki ekki frá þeim. Það má segja að sameiningarferlið, eða sameiningin, sé fyrsti þátturinn, annar þáttur er svo uppbygging nýs, öflugss spítala, sem valinn var staður við Hringbrautina. Það er sú framtíð sem við sjáum glitta í – það er markmiðið sem við ætlum öll að ná. Það verður ekki einfalt að nálgast þá framtíð og það verður ekki átakalaust, en vonandi verður sú framtíð nútíð áður en langt um líður.

Það er nauðsynlegt að endurnýja húsakost Landspítalans bæði vegna starfseminnar og eins til að endurskipuleggja megi reksturinn í samræmi við þær hugmyndir og rannsóknir sem hafa verið að koma fram um rekstur spítala á allra síðustu árum. Og það sem mestu skiptir – endurnýjun er nauðsynleg fyrir sjúklinginn.

Ágætu ársfundargestir.

Það er á Íslandi víðtæk samstaða um þá samfélagsþjónustu sem felst í að lækna og hjúkra sjúkum. Það er víðtæk sátt um alla megin drætti heilbrigðisþjónustunnar sem við rekum fyrir sameiginlegan reikning og það er ánægjulegt til þess að vita fyrir heilbrigðismálaráðherra, og ekki síður fyrir starfsmenn, að þegar þjóðin segir spurð um almannþjónustu, að hún beri einna mest traust til heilbrigðisþjónustunnar.

Þetta vil ég undirstrika þótt mér sé mætavel ljós sú staðreynd, að álit almennings er ekki einasti og alls ekki einhlítur mælikvarði á gæði þjónustunnar. Viðhorf þeirra sem sækja þjónustu til heilbrigðisstarfsmanna eru engu að síður afar mikilvægur mælikvarði á verk ykkar og heilbrigðisyfirvalda.

Í þessu sambandi og raunar í heilbrigðisþjónustunni almennt er sú starfsemi sem fram fer innan veggja Landspítala – háskólasjúkrahúss einn mikilvægasti þáttur heilbrigðisþjónustunnar í landinu. Þannig hefur það lengst af verið og þannig verður það sennilegast í vaxandi mæli.

Það er þess vegna sem Landspítalinn – háskólasjúkrahús nýtur traustsins sem fram kemur þegar almenningur er spurður. Og það er einmitt á fáum sviðum samfélagsins sem traust er eins mikilvægt og í heilbrigðisþjónustunni. Traustið sem Landspítalinn nýtur er þegar allt kemur til alls traustið sem borið er til starfsmann spítalans.

Starfsmenn sýna það enda daglega að sjúkir sem leita til spítalans treysta þjónustunni og treysta á þjónustuna. Og það er ekki aðeins á okkar fámenna innlenda starfsvettvangi sem íslensk heilbrigðisþjónusta sannar gildi sitt og getu. Þegar á reynir hafa íslenskir heilbrigðisstarfsmenn sýnt faglega getu sína og metnað. Þeir hafa sýnt að þeir geta unnið hratt og öruggleg og þeir hafa sýnt að þeir geta veitt þjónustu á borð við það sem best gerist.

Það er umtalað og það vakti verðskuldaða athygli hvernig íslenskir heilbrigðisstarfsmenn brugðust við þegar hjálparbeiðni barst frá Svíþjóð og flytja þurfti illa særða frændur okkar frá Taílandi í vetur leið til heimalandsins. Þá kom í ljós viðbragðsflýtir og færni íslenskra heilbrigðisstarfsmanna sem ber að þakka.

Ágætu ársfundargestir.

Menn deildu á dögnum hart á svokallaða yfirstjórn Landspítalans – þá stjórnendur sem valdir hafa verið til að sjá um rekstur spítalans. Raunar hugnast mér ekki þetta hugtak yfirstjórn, en látum það liggja milli hluta. Yfirstjórn, eða stjórn, eða yfirvöld, allt eru þetta einstaklingar af holdi og blóði sem ég veit að gengur aðeins gott eitt til. Fólki sem er að vinna vinnuna sína. Fólki sem ekki gengur um ógnandi mönnum og kúgandi.

Ég nefni þetta hér vegna þess að mér varð hugsað til þess þegar deilurnar stóðu sem hæst hvað yrði nú um traustið, sem þessi lykilstofnun í heilbrigðisþjónustunni nýtur – og verður að njóta.

Gagnrýni er ekki aðeins nauðsynleg, hún er líka góð. Gagnrýni blönduð sanngirni er best, en verst finnst mér þegar gagnrýni í bland við gífurlyki, tillitsleysi, dylgjur og jafnvel sleggjudóma ríður húsum. Það hef ég lært sem borgari í þessu samfélagi en umfram allt sem stjórnmalamaður í misjöfnu færi á hinum opinbera vettvangi. Ég vona, og þykist sjá þess merki, að menn vilji setja niður deilur sínar og ég bið um að það verði gert og ég bið jafnframt um að menn finni sér vettvang til að leysa ágreiningsmál sín. Þar verður hver maður að sýna sanngirni. Sé það gert glatast ekki það traust sem ég hef gert hér að umtalsefni og er svo dýrmætt.

Í gærmorgun var einn af þeim mörgu dögum þegar það er ánægjulegt að vera heilbrigðismálaráðherra. Það var þegar mér veittist sá heiður að afhenda sjö fyrirtækjahópum gögn, eða samkeppnislýsingu sem spítalinn og Framkvæmdasýsla ríkisins undirbjuggu, svo fyrirtækin mættu í sumar keppa um það hverjum tekst best að skipuleggja á hinn nýju landsspítalalóð. Þar mun nýr spítali mun rísa á næstu árum.

Þetta var ánægjulegt vegna þess að mér að minnsta kosti fannst sem ég ætti þess kost að skyggjast eitt augnablik inn í framtíðina. Eftir því sem fram líða stundir fjölgar augnablikunum og við drögum á þessa óræðu framtíð.

Ágætu ársfundargestir.

Ef við gefum okkur að hin formlega sameining spítalanna hafi verið tímamótin hin fyrstu, þá voru þetta næstu tímamótin.

Ég kynnti í janúar minnisblað um uppbyggingu spítalans við Hringbraut og óskaði heimildar til að vinna verkið áfram í samræmi við fyrirliggjandi áætlanir. Málið hafði verið kynnt áður í ríkisstjórn og eftir ítarlega umræðu var samþykkt að veita heimild til að halda áfram við undirbúning verkefnisins, sem var mjög ánægjulegt.

Það sem gerist næst er að fyrirtækjahóparnir eiga að skila af sér þegar vika er af september í haust og mánuði síðar verða kynnt úrslit í samkeppninni. Þetta er stórt skref fram á við og mun skapa Landspítalanum enn stærri sess í heilbrigðisþjónustu okkar.

Það sem næst stendur upp á mig sem heilbrigðismálaráðherra er að berjast fyrir því á hinum pólitíska vettvangi að samfella verði í uppbyggingarferlinu. Þannig mun ég gera mitt til að tryggja að framvindan verði í samræmi við þær áætlanir sem menn hafa stillt upp. Þótt ég noti orðið að berjast fyrir málinu þá held ég að ekki sé ágreiningur um verkið og ekki tel ég skorta viljann til uppbyggingar – menn velta held ég fyrir sér fremur tímasetningum og ytri aðstæðum í efnahagslífinu því við erum að tala um mikla framkvæmd.

Góðir gestir.

Ég þekki það sjálfur af eigin reynslu að stundum er talað um vara-þingmenn með ákveðnum fyrirvara ekki ólíkt því sem gert er þegar menn tala um afleysingarskipstjóra í flotanum. Menn gefa sér að þeir séu ekki eins fisknir og þeir sem leystir eru af. En það er auðvitað af og frá að tala svona eins og dæmin sanna.

Og það ættuð þið að vita því í vetur hljóp Jóhannes M. Gunnarsson, lækningaforstjóri, í skarðið fyrir Magnús Pétursson, forstjóra. Hann hefur stýrt þessu flaggskipi íslenskrar heilbrigðisþjónustu, sem Landspítalinn er, styrkri hendi frá því í haust.

Ég hef átt gott samstarf við Jóhannes og þá aðra stjórnendur sem ég hef átt samskipti við. Og vil nota þetta tækifæri til að þakka honum sérstaklega fyrir ánægjulegt samstarf og ekki síður fyrir uppbyggilegar samræður um heilbrigðismálin og þjónustuna við sjúka. Hann hefur eins og fjölmargir lagt sig fram um, og lagt metnað sinn í, að standa vörð um traustið sem starfsmenn spítalans ávinna sér með störfum sínum og með því skapað spítalanum þann sess í heilbrigðisþjónustunni sem hann hefur.

Ég þakka starfsmönnum öllum og stjórnarnefnd fyrir vel unnin störf.

Talað orð gildir